

Umsögn íbúaráðs Miðborgar og Hlíða, dags. 25. janúar 2024 um tillögu um að Bergstaðastræti milli Skólavörðustígs og Laugavegar verði vistgata

Íbúaráð Miðborgar og Hlíða fagnar frumkvæði rekstraraðila við Bergstaðastræti um bætt umhverfi og útlit götunnar. Að mati ráðsins er tillaga umhverfis- og skipulagsráðs góð, svo langt sem hún nær. Sérstaklega er ánægjulegt að til standi að fjarlægja kantsteina og endurgera yfirborð götunnar, en rými á gangstéttum er nú af skornum skammti. Þó eru vonbrigði að ekki hafi verið orðið við beiðni rekstraraðila um að gera svæðið að göngugötu. Þrátt fyrir að hugmyndin með vistgötum sé að þar deili mismunandi umferðarmáttar rými og að bifreiðar eigi að víkja fyrir gangandi vegfarendum er nokkuð fjarri að sú sé raunin á vistgötum borgarinnar.

Í umsögn samgöngustjóra kemur fram að mikilvægt sé að halda í net einstefnugatna á svæðinu, m.a. með tilliti til vöruafhendingar. Í umferðarlögum nr. 77/2019 er gert ráð fyrir að vélknúin ökutæki geti notað göngugötu vegna vörulosunar á skilgreindum vörulosunartímum, sbr. 1. mgr. 10. gr. laganna. Þá er ekkert því til fyrirstöðu að sú umferð verði áfram einstefnuakstur.

Að mati ráðsins væri því æskilegt að samþykkja fyrirbyggjandi tillögu en hefja vinnu við að gera svæðið að göngugötu.